

Sþ. 419. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi.

Flm.: Páll Pétursson, Ragnar Arnalds, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson,
Ingvar Gíslason, Jónas Arnason, Steingrímur Hermannsson,
Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi reisa næsta raforkuver á Norðurlandi vestra.

Greinargerð.

Orkustofnun gaf út í maí 1975 frumáætlun um 32 mw. virkjun við Villinganes í Skagafirði. Skýrsla þessi er unnin á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og ber hún það með sér að þarna er um mjög álitlega virkjun að ræða, sé verið að virkja vegna íslenskra notenda. Hins vegar er virkjun þessi ekki af þeirri stærð að hún gæti orðið orkuöflunarfyrtæki vegna erlendrar stóriðju. Síðan hafa verið framkvæmdar allmiklar rannsóknir á þessum slóðum og hafa þær allar hnigið í þá átt að um álitlega virkjun sé að ræða.

Iðnaðarráðuneytið hefur hins vegar talið heppilegra að leggja áherslu á virkjun Blöndu og borið fram frv. þar að lútandi. Blanda verður hins vegar ekki virkjuð nú á næstunni nema með því að selja mestalla orkuna til orkufreks iðnaðar. Virkjunin er allt of stór fyrir almennan raforkumarkað á Norðurlandi og einnig of stór fyrir almennan markað á landinu öllu, nema í tengslum við sérstök stór verkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Enn augljósara er þó, að áform um Blönduvirkjun, sem koma beint í kjölfar ákvörðunar um Hrauneyjafossvirkjun, hljóta að vera tengd stórfelldum hugmyndum um uppbyggingu erlendrar stóriðju á fyrri hluta næsta áratugs.

Villinganesvirkjun í Héraðsvöðnum er hins vegar af þeirri stærð, að hún fellur mjög vel að þeirri aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á rúmu ári. Auk þess er virkjunin talin mjög hagkvæm samkvæmt nýjustu útreikningum.

Þá er þess að geta, að um virkjun hjá Villinganesi er einhugur heimamanna (sjá fylgiskjöl I, II, III, IV, V, VI og VII). Því er hins vegar ekki að heilsa hvað varðar virkjun Blöndu, enda er þar um að ræða geysilega röskun á náttúrufari (sjá fskj. VIII og X). Þar er áformað að mynda miðlunarlón. Þar kæmi til með að sökkva

gróið land, 60—70 km². Til samanburðar má geta þess, að þetta land er stærra en öll tún í Austur-Húnavatnssýslu. Þetta land er gott og gjöfult, og með öllu óvíst að þessi landsspjöll verði bætt.

Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svinavatns- og Torfalækjarhreppar og Blönduós, á Eyvindarstaðaheiði Bólstaðarhlíðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og einstakar jarðir í Akrahreppi og Rípurhreppi.

Viðhorf íbúa þeirra hreppa, er upprekstur eiga á Eyvindarstaðaheiði, kemur glögglega í ljós í fylgiskjölum. Viðhorf íbúa Svinavatnshrepps er það, að í júní 1975 skrifaði meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hreppsins undir yfirlýsingu til iðnaðar-ráðuneytisins um það, að þeir teldu ekki koma til greina að sökkva landi á Auðkúluheiði. Síðan var samþykkt á almennum sveitafundi á Húnavöllum 15. júlí 1975 með 31 atkv. gegn 16 ályktun sem tekur af öll tvímæli um vilja hreppsþúa. Flestir íbúar Torfalækjarhrepps og forráðamenn Blönduóshrepps hafa hins vegar tekið jákvæða afstöðu varðandi virkjun Blöndu.

Það er því ljóst að samstaða næst ekki nema um virkjun Héraðsvatna, en þar er ekki heldur um verulega röskun á náttúruferi að ræða.

Samkvæmt frumáætlun Orkustofnunar um Villinganesvirkjun var stofnkostnaður vinnsluvirkja áætlaður í maí 1975 2 900 millj. kr.:

Kostnaðaryfirlit.

Stífla og yfirfall	713 m.kr.
Framhjáreznslisgöng	75 —
Aðrennslisskurður og inntak	117 —
Þrýstivatnspípa	56 —
Stöðvarhús og frárennsli	199 —
Stöðvarvarðahús	25 —
Vélar og rafbúnaður	735 —
	<hr/>
	Samtals 1 920 m.kr.
Ófyrirséð 5% af 700 m.kr.	35 —
Ófyrirséð 15% af 1 220 m.kr.	183 —
	<hr/>
	Samtals 2 138 m.kr.
Verðhækkningar	172 —
	<hr/>
	Samtals 2 310 m.kr.
Hönnunar- og umsjónarkostnaður	230 —
Undirbúningskostnaður	100 —
	<hr/>
	Samtals 2 640 m.kr.
Vextir á byggingartíma	260 —
	<hr/>
	Stofnkostnaður vinnsluvirkja 2 900 m.kr.

Stofnkostnaður á afleiningu: 90.6 m.kr./MW

Stofnkostnaður á orkueiningu: 16.6 kr./kWh/a

Stofnkostnaður miðast við verðlag eins og það var í maílok 1975.

Lýsing mannvirkja. Heildaryfirlit.

Ráðgert er að stífla Héraðsvötn með jarðefnastíflu um 2 km neðan ármóta Eystri- og Vestari-Jökulsár. Steypt yfirfall verður á vestari árbakka, en aðrennslisskurður fram hjá stíflunni á eystri bakka. Frá inntaki við skurðendann liggur þrýsti-

pípa niður í árgljúfrið að stöðvarhúsi, sem er ofanjarðar í farveginum neðan stíflunnar.

Á byggingartíma verður ánni veitt fram hjá virkjunarstaðnum um jarðgöng í vestari árbakka.

Villinganesvirkjun verður rennslisvirkjun með dægurmiðlunarlóni. Gert er ráð fyrir að venjuleg yfirvatnshæð verði 153 m y. s., en undirvatnsborð 96.5 m y. s.

Verg fallhæð verður því 56.5 m.

Pá er þess að geta að í Jökulsánum í Skagafirði eru nokkrir aðrir álitlegir virkjunaráfangar þannig að þarna virðist vera um að ræða álitlega staðhætti til raforkuöflunar miðað við þarfir landsmanna sjálfra. Það er skoðun flm. að samtenging raforkukerfis landsmanna sé hið brýnasta verkefni. Eðlilegt sé síðan með tilliti til öryggis og atvinnusjónarmiða að reisa virkjanir af hæfilegri stærð í hinum ýmsu landshlutum. Orkuvinnslugeta Villinganesvirkjunar, miðað við samrekstur Norðurlandskerfis og Landsvirkjunarkerfis, eftir að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun hafa tekið til starfa, er 175 GWh./a. Kostnaður við hvert framleitt mw. var í maí 1975 áætlaður 2.18 kr. Virkjunarstaðurinn er ekki á eldvirku svæði.

Fylgiskjal I.

Við undirritaðir landeigendur við Héraðsvötn og Jökulsár í Skagafirði gjörum kunnugt, að við erum reiðubúnir til viðræðu og samninga um fyrirhugaða virkjun, sem kennd er við Villinganes, að því tilskildu, að hvers konar tjón á mannvirkjum, landi og hlunnindum verði að fullu bætt.

Jafnframt áskiljum við okkur rétt til samninga um verktilhögun, t. d. að tryggt sé að vatn flæði aldrei vestur úr yfirfalli í stórflóðum.

Varmahlíð, 4/2 1976,

Hjálmar Guðjónsson, Tunguhálsi II, Guðsteinn Guðjónsson, Tunguhálsi,
Stefán Hrólfsson, Keldulandi, Ólafur Þorsteinsson, Tyrfingsstöðum,
Grétar Simonarson, Goðdölum, Borgar Simonarson, Goðdölum,
Guðrún Eiríksdóttir, Villinganesi, Leifur Hreggviðsson, Birgisskarði,
Trausti Simonarson, Hverhólum, Sigurður Friðriksson, Stekkjarflötum,
Aðalsteinn Eiríksson, Villinganesi.

Fylgiskjal II.

Ályktun fundar sveitarstjórnarmanna í Miðgarði 20. jan. 1976.

Fundur sveitarstjórnarmanna í Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar, haldinn í Miðgarði 20. jan. 1976, lítur svo á að yfirlýsing iðnaðarráðherra um að frumvarp um Blönduvirkjun verði nú á næstunni lagt fyrir Alþingi sé algjörlega óeðlileg og ótímabær eins og málum þessum er háttað.

Lýsir fundurinn furðu sinni á því, að ekki verði flutt frumvarp um virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, og vekur athygli á því, að með þessari yfirlýsingu hefur iðnaðarráðherra algjörlega gengið gegn margítrekuðum samþykktum Upprekstrarfélagsins og ýmissa fleiri heimaaðila um að sú virkjun skuli vera hið fyrsta stig virkjana á Norðurlandi vestra.

Fundurinn ítrekar enn áskorun til ríkisstjórnarinnar um að stefna beri að virkjun við Villinganes, að undangengnum samningum við landeigendur, með flutningi frumvarps þar að lútandi.

Fylgiskjal III.

Almennur hreppsfundur í Akrahreppi, haldinn að Héðinsminni 23. júní 1975, samþykkir eftirfarandi ályktun um orkumál:

Fundurinn fagnar vaxandi áhuga og umræðum, sem fram hafa farið um raf-orkumál og virkjanir á Norðurlandi vestra. Ber þar hæst yfirlýsingu iðnaðarráðherra, Gunnars Thoroddsen, um að ákvörðun verði tekin um virkjun í þessum landshluta þegar á þessu ári.

Orkuskortur er tilfinnanlegur í landshlutanum og stendur athafnalífi og búsetuþróun mjög fyrir þrífum. Er því vissulega tími til kominn, að úr verði bætt. Í því sambandi hvetur fundurinn til að samtengingu rafveitnanna verði hraðað sem kostur er og að unnið verði að styrkingu dreifikerfisins.

Um virkjun í fjórðungnum er það að segja, að velja verður á milli virkjunar Blöndu eða Héraðsvatna í fyrsta áfanga. Fundurinn mælir eindregið með, að Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum verði látin ganga fyrir, og bendir því til stuðnings á þessi rök:

- 1) Virkjunin er af heppilegri stærð sem áfangavirkjun, og tryggir næga orku fyrir vaxandi framleiðslu og búsetu á Norðvesturlandi um nokkurt árabíl. Blönduvirkjun er aftur á móti of stór fyrir heimamarkað. Yrði því að leita eftir orkufrekum erlendum iðnaði til þess að kaupa orkuna. Væri þá eins líklegt að heimaaðilar byggju eftir sem áður við orkuskort. Nógu langt mun gengið á þeirri braut að selja raforku úr landi á lágmarksverði, meðan inn er flutt olíuorka á margföldu verði.
- 2) Villinganesvirkjun fylgja hverfandi landsspjöll. Blönduvirkjun fylgja geigvænleg landsspjöll.
- 3) Undirbúningur og bygging Villinganesvirkjunar tekur mun skemmri tíma og kæmi hún því til nota mun fyrr.
- 4) Telja má að auðvelt verði að ná samstöðu og samningum við heimamenn um Villinganesvirkjun. Samstaða óhugsandi um Blönduvirkjun, vegna landeyðingar sem henni fylgir.
- 5) Í Jökulsá eystri eru möguleikar fyrir frekari virkjunum, smærri eða stærri. Einnig hugsanleg vatnsmiðlun er hefði verulegt gildi fyrir Villinganesvirkjun.

Fundurinn skorar því á hæstvirtan iðnaðarráðherra, alþingismenn, orkumálastjóra og hvern þann, er lagt gæti málum lið, að hlutast til um að rannsóknum og undirbúningi við Villinganesvirkjun verði lokið á þessu ári, ákvörðun tekin og framkvæmdir hafnar svo fljótt sem aðstæður frekast leyfa.

Samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna.

Jóhann L. Jóhannesson,
(fundarstj.).

Gunnar Oddsson,
(fundarritari).

Fylgiskjal IV.

Búnaðarfélag Lýtingsstaðahrepps samþykkti á fundi sínum eftirfarandi ályktun um virkjunarmál.

„Aðalfundur Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps, haldinn í Ásgarði þriðjudaginn 22. apríl 1975, fagnar loforðum stjórnvalda um úrbætur á raforkumálum á Norðurlandi vestra með virkjun á svæðinu.

Jafnframt skorar fundurinn eindregið á yfirstjórn orkumála að hraða undirbúningsrannsóknnum á Jökulsá í Skagafirði og stefna að virkjun þar sem allra fyrst, en fresta ákvörðun um Blönduvirkjun.”

Samþykkt samhljóða.

Guðmundur Helgason,
fundarritari.

Sigurður Sigurðsson,
fundarstjóri.

F. h. Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps,
Sigurjón Sigurbergsson, (form. félagsins).

Fylgiskjal V.

Útskrift úr fundargerð.

„Almennur hreppsfundur í Seyluhreppi, haldinn að Miðgarði laugardaginn 14. júní 1975, lýsir ánægju sinni yfir þeim áhuga ráðamanna raforkumála fyrir virkjun á Norðurlandi vestra, sem fram hefur komið.

Jafnframt mótmælir fundurinn eindregið fyrirhugaðri Blönduvirkjun, vegna þeirra geysilegu landsþjalla sem þar koma til með að verða og vart eða ekki verða bætt, en valda munu verulegri röskun á búskaparaðstöðu margra bænda á svæðinu.

Þá vill fundurinn benda á, að sanukvæmt upplýsingum fagmanna getur Jökulsárvirkjun í Skagafirði komið fyrir að gagni til að fullnægja þeirri orkuþörf, sem nú er og verða mun í næstu framtíð á þessu svæði. Þess vegna vill fundurinn leggja mikla áherslu á að í þá virkjun verði ráðist sem allra fyrst.”

Ofanrituð tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rétta útskrift úr fundargerð vottar

Halldór Benediktsson,
(fundarstjóri).

Fylgiskjal VI.

Samþ. í einu hljóði.

Frá allsherjarnefnd:

Út af framlagðri tillögu þeirra Konráðs Gíslasonar, Jónasar Haraldssonar og Björns Egilssonar um orkumál leggur nefndin til, að sýslunefndin samþykki tillöguna, sem hér segir:

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu fagnar yfirlýsingu iðnaðarráðherra frá s.l. vetri um að tekin verði ákvörðun um vatnsaflsvirkjun í Norðurlandskjördæmi vestra þegar á þessu ári. Jafnframt skorar nefndin á iðnaðarráðuneytið að sjá um, að það grundvallarsjónarmið ríki við alla áætlanir og ákvarðanatöku, að virkjunin miðist fyrst og fremst við, að fullnægt sé orkuþörf innlands markaðar, — þar með talin upphitun alls íbúðarhúsnæðis, sem ekki fær notið jarðhita, — áður en orkunni er ráðstafað til stórfyrirtækja í eigu erlendra aðila. Það er skoðun sýslunefndar, að þegar um er að ræða tvo áþekka kosti (Blanda og Jökulsá) beri að hafa eftirfarandi í huga:

1. Gert er ráð fyrir, að með virkjun Blöndu sökkvi undir vatn a. m. k. 60 ferkm gróins beitilands á afréttum, þar sem beitarþröng er þegar fyrir. Allir viðurkenna, að gróðurlendi landsins sé of lítið og sífellt á undanhaldi, m. a. vegna ofbeitar á vissum landssvæðum svo og vegna áhrifa af völdum óviðráðanlegra náttúruafla. Af þeim sökum verja íslendingar árlega verulegum fjármunum

til þess að græða sárin á örfoka afréttum oft með misjöfnum árangri. Með því að sökkva tugum ferkm gróins lands undir vatn sýnist því að verið sé að taka með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Af þessari ástæðu fyrst og fremst virðist ljóst orðið að samstaða um virkjun Blöndu muni ekki nást meðal íbúa í Norðurlandskjördæmi vestra.

2. Af framansögðu telur sýslunefndin einsýnt, að ráðamenn raforkumála snúi sér þegar að þeim valkosti, sem næst liggur, þ.e. fullnaðarrannsóknum á hagkvæmni Jökulsárvirkjunar eystri. Fyrir liggur, að virkjun Jökulsár verði framkvæmd í áföngum. Forsenda hennar er því ekki orkusala til stóriðjureksturs, svo sem virðist vera með Blönduvirkjun, stærðin er í samræmi við innlenda orkuþörf, landsþjöll verða lítil sem engin og loks er líklegt, að fullkomin samstaða heimaaðila sé um þá framkvæmd.
3. Sýslunefndin skorar því á þingmenn þessa kjördæmis að beita sér fyrir því, að virkjun Héraðsvatna hjá Villanganesi og Jökulsár eystri njóti forgangs, svo að nægilegt fjármagn fái á þessu ári til rannsóknar á virkjunarmöguleikum þar, og leggur á það þunga áherslu, að á næsta Alþingi verði sett lög um virkjun þessa.

Sauðárkróki, 29. júlí 1975.

Fylgiskjal VII.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAUÐÁRKRÓKI, 2. júní 1975.

Hr. Gunnar Thoroddsen, iðnaðarráðherra,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Virkjun á Norðurlandi vestra.

Á aðalfundi K. S., er haldinn var 30. og 31. maí s.l., kom fram eftirfarandi tillaga frá Gunnari Oddssyni, Flatatungu, og var hún samþykkt á fundinum með lófataki:

„Aðalfundur K. S. 1975 mótmælir eindregið framkomnum hugmyndum um Blönduvirkjun, þar sem áformað er að sökkva undir vatn og eyða 60—70 km² af gróðurlendi á afréttum Skagfirðinga og Húnavetninga.

Þvílíkar landeyðingarframkvæmdir eru á engan hátt réttlætanager, þar sem ljóst er, að á Norðurlandi vestra eru margir hagkvæmir virkjunarmöguleikar, án þess að teljandi landsþjöll fylgi.

Bendir fundurinn á virkjunarstaði í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri og vísar til áskorunar þar um frá síðasta aðalfundi.

Einnig vill fundurinn minna á hugmyndir um virkjun Blöndu í farvegi sínum.

Krefst því fundurinn að strax verði hafist handa við undirbúning og framkvæmdir virkjunar sem fullnægir orkuþörf vaxandi atvinnulífs í þessum landshluta og landeyðingarform verði ei látin tefja framgang mála“.

Vér sendum yður þessa tillögu, í von um að þér veitið henni brautargengi.

Virðingarfyllst.

pr. pr. Kaupfélag Skagfirðinga,
Helgi Rafn Traustason.

Fylgiskjal VIII.

SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi.

ÁLYKTUN UM BLÖNDUVIRKJUN

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) hafa fylgst með undirbúningi Blönduvirkjunar í A.-Hún. Miðað við þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir um þessa virkjun (sbr. Greinargerð um virkjun Blöndu, Orkust., 25. 4. 1975), vilja samtökin vekja athygli á eftirfarandi:

1. Í áætluninni er gert ráð fyrir allt að 62 ferkm miðlunarlóni á afréttum A.-Hún. og Skagafjarðar, en af því er talið að um 56 ferkm séu samfelld gróðurlendi. Þetta eru nálægt 40% þess gróðurlendis, sem líkur eru til, að tekið verði undir miðlunarlón við fullnýtingu á vatnsorku landsins. (Ef Þjórsárver eru undanskilin eru þetta um 60%). (Sbr. Jakob Björnsson; Landþörf orkuvinnslu-iðnaðarins á Íslandi. Orkust., mars 1973).
2. Við þetta má bæta töluverðu landi, sem fer undir mannvirki í sambandi við virkjunina, svo sem stíflur, veituskurði, vegi o. fl., svo og raski vegna efnistöku. Þá munu eyjar í lóninu ekki nýtast til beitar.
3. Þá fara um 10—15 ferkm af stöðuvötnum undir veitur og lón (Þristikla, Friðmundarvatn austara, Gilsvatn o. fl.). Sum þessara vatna eru ágæt veiðivötn, en líf þeirra mun breytast grundvallarlega við tilkomu jökulvatns úr Blöndu og fiskur að líkindum hverfa úr þeim.
4. Tillögur hafa komið fram um að veita allt að helmingi þess vatns, sem fellur til Vatnsdalsár, yfir í hinn nýja farveg Blöndu, en það mundi valda gerbreytingu á báðum ánum.
5. Hætt er við ýmsum breytingum af völdum miðlunarlónsins. Jarðvegur mun rofna í bökkum þess og sandfok gæti orðið úr lónstæðinu á vetrum, en á sumrum aukinn vatnsagi í grennd við stíflur. (Leki úr lóninu gæti jafnvel orsakað breytingar á vatnakerfum Vatnsdalsár o. fl. vatna í A.-Hún.). Loks getur lónið haft áhrif á veður á nærliggjandi afréttum og einnig í nálægum sveitum, t. d. með aukinni þokumyndun.
6. Ljóst er því, að með fyrirhugaðri Blönduvirkjun er stefnt að stórfelldri röskun á náttúrufari Austur-Húnavatnssýslu, sem kemur verst niður á sumum bú-sældarlegustu sveitunum, þar sem veðurfar og gróður veita hagstæðust skilyrði til búskapar og veiðihlunnindi eru einna mest.
7. Hugmyndir um endursköpun þess gróðurlendis, sem fer undir miðlunarlón eða önnur virkjunarmannvirki, teljum við algerlega óraunhæfar, enda hlýtur uppgræðsla eyðilands að vera sjálfsögð án tillits til virkjunar. Hið sama gildir um möguleika á aukningu veiðinnar í öðrum vötnum, í stað þeirra sem skemmast.
8. Óspillt náttúrufar verður efalaust því meira metið sem tímar líða. Eyðing gróðurs og dýralífs er ævarandi skaði, sem ekki er hægt að bæta með fé eða á annan hátt. Það er ekki aðeins skaði þeirra sveita, sem verst verða úti, heldur allrar þjóðarinnar og raunar alls heimsins.
9. Með tilliti til ofangreindra atriða er það niðurstaða okkar, að ekki skuli stefna að Blönduvirkjun á næstu áratugum, heldur skuli velja þá virkjunarmöguleika norðanlands, sem vítað er að valda mun minni umhverfisspjöllum.

(Samþykkt á stjórnarfundum SUNN, 7.6 1975).

Fylgiskjal IX.

Ályktun sveitarfundar í Svínavatnshreppi.

Sveitarfundur í Svínavatnshreppi, haldinn á Húnavöllum 15. júlí 1975, telur að ástæðulaust sé að halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegrar Blönduvirkjunar þar sem hún muni óhjákvæmilega hafa stórkostleg landspjöll í för með sér. Telur fundurinn að orkumál Norðurlands vestra verði betur og farsællegar leyst með áfanga-virkjunum í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri, enda hafa þær virkjanir ekki geigvænleg landspjöll í för með sér og fullnægja betur orkumarkaði Norðlendinga þannig að þær geta hagnýtt orkuna sjálfir, en þurfi ekki að selja hana til erlendra stóriðju, svo sem óhjákvæmilega yrði að gera um orku frá Blöndu.

Samþ. með 31:16 atkv.

Fylgiskjal X.

Þingsályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

Alþingi ályktar, að á árunum 1975—79, að báðum árum meðtöldum, skuli framkvæma eftirfarandi áætlun um landgræðslu og gróðurvernd til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu og verja til þess ríkisfé í samræmi við hana:

1. Landgræðsla ríkisins: Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróður-eyðingar. Gróðurvernd og landgræðsla	700 millj. kr.
2. Skógrækt ríkisins: Skóggæðslukönnun, skógvernd og skógrækt	170 millj. kr.
3. Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Rannsóknir á nýtingu beitargróðurs, aðrar tilraunir og gróðurkortagerð	80 millj. kr.
4. Annað: Ráðstafanir til bættrar landnýtingar og stuðningur við fræðslustarf samtaka áhugamanna	50 millj. kr.
	<hr/>
	1000 millj. kr.

Árlegar fjárveitingar af ríkisfé til áætlunar þessarar miðist við, að hún haldi núverandi framkvæmdagildi sínu hliðstætt því, sem gildir um jarðræktarframlög samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga, og að áætlunin komi til framkvæmda í jöfnum árlegum áföngum á árunum 1975—79. Fjárveitingar til áætlunarinnar skulu ekki blandast saman við venjulegar fjárveitingar til þeirra málaflokka, sem áætlunin tekur til, og ekki rýra þær.

Landbúnaðarráðherra setur á fót samstarfsnefnd til þess að efla samvinnu þeirra stofnana, sem hafa með höndum framkvæmd áætlunar þessarar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar að eigin vali, en aðrir nefndarmenn verði þessir: landgræðslustjóri, búnaðarmálastjóri, skógræktarstjóri og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Samþykkt á Alþingi 28. júlí 1974.